

SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI 2016

FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

Framkvæmdaraðili: Hafnarfjarðarbær	Fundur nr. : 15
Verktaki: Munck Íslandi ehf	
Fundarstjóri: Arnar Smári Þorvarðarson	Fundarritari: Hilmar Ástþórsson
Fundarstaður: Verkstað	
Þátttakendur:	13.12.2017
Hreinn Sigurðsson (HS) Munck hreinn@munck.is 8422116	Frá kl. : 9:30
Theodór Sólonsson (TS) Munck teddi@munck.is 8422142	Til kl. : 12:00
Arnar Smári Þorvarðarson (ASÞ) Verkís ast@verkis.is 8923935	
Hilmar Ástþórsson (HÁ) Verkís hia@verkis.is 8460011	
Gísli Ó. Valdimarsson (GÓV) VSB gisli@vsb.is 6608612	
Dreifing: Fundarmenn	Næsti fundur:
Guðmundur Þórðarson (GP) Munck guðmundur@munck.is 8422118	Miðvikudaginn 10.
Stefán Veturliðason (SV) VSB stefan@vsb.is 6608606	janúar 2018, kl 9:30
Sigurður Haraldsson (SH) Hfj.bær siggih@hafnafjordur.is 6645631	á verkstað.



Vettvangsmynd fundardag. (Horft til suð-austurs, hluti plötu yfir 2.hæð og veggir 2.hæðar í austurhluta voru steyptir í gær. Unnið að járnbindingu á plötu yfir 1.hæð í vesturhluta.)

Nr. FUNDARGERÐ: **Frestur:** **Ábm.:**
Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

1. Fundargerðir.

Fundargerð síðasta verkfundar, nr. 14 var yfirfarin og undirrituð.

Haldnir hafa verið 5 rýnifundir og eru gerðar um þá sér fundargerðir.



2. Umsjón verkkaupa.

Umsjón verkkaupa er :

*Verkefnisstjóri: Stefán Veturliðason (VSB)
Byggingastjóri: VSB verkfræðistofa, umsj. Gísli Ó Valdimarsson
Umsjónarm. eftirlits: Arnar Smári Þorvarðarson (Verkís)
Eftirlit: Hilmar Ástþórsson (Verkís)*

3. Umsjón verktaka.

Umsjón verkkaupa er :

*Verkefnastjóri: Guðmundur Þórðarson
Staðarstjóri: Hreinn Sigurðsson
Verkstjóri: Theodór Sólonsson
Jarðvinna: Björgvin Guðmundsson
Tæknimaður: Bartosz Dziub
Gæðastjóri: Sigurbjörn Bárðarson*

4. Tryggingar.

Verktrygging – Trygging liggur fyrir og er hluti samningsgagna.

Ábyrgðatryggingar - Staðfesting liggur fyrir frá tryggingafélagi að trygging sé í gildi.

Verktaki hefur upplýst að ekki sé þörf á brunatryggingu a.m.k. ekki fyrr en eftir áramót.

5. Öryggisráðstafanir/öryggismál.

Verktaki hefur lagt fram Öryggishandbók (RFI #13) þann 21.07.2017

Verktaki hefur sent afrit af eigin úttektum öryggismála, nr. 68, til og með 1. nóvember 2017.

Vinnuslys sem varð þann 17.07.17 á verkstað er í rannsókn hjá Vinnueftirlitinu og Lögreglu. Ekki liggur fyrir skýrsla aðila.

Áréttað er við verktaka að hlið inn á vinnusvæði skuli ávallt vera lokuð. Það hefur nokkuð borið á misbrestum hvað þetta varðar á hliði að ofanverðu (við Sólvangsvæg).

Eftirlit bendir á að stakt kambstál stóð u.þ.b 50cm út úr vinnugirðingu við Sólvangsvæg, með tilheyrandi slyshættu fyrir gangangi vegfarendur. Verktaki tekur undir áhyggjur vegna þessa og ætlar sér að setja upp plötur á vinnugirðingu meðfram Sólvangsvægi og koma þannig í veg fyrir að kambstál geti staðið berskjaldað út í gegnum vinnugirðingu.

Verktaki ætlar sér að koma fyrir gönguhliði að ofanverðu með gormi, sambærilegu og því gönguhliði sem fyrir er að neðanverðu.

Verktaki vinnur að tiltekt á vinnusvæði og kemur til með að yfirfara vinnugirðingu við Sólvang þar sem Veitur hafa verið að athafna sig vegna heimæð hitaveitu.

Umræða tekin um aðgengi/gönguleiðir á vinnusvæði þar sem ekki er til staðar augljós gönguleið um vinnusvæði meðfram nýbyggingu. Verktaki vinnur að tiltekt og yfirferð á vinnusvæði og batnar þá aðgengi vinnusvæðis og gönguleiðir verða greiðfærari og skilmerkilegri.

HS

HS

Engir frekari eftirmálar urðu af vinnuslysi þar sem starfsmaður sneri sig á fæti á dögnum, starfsmaður er kominn til starfa.



6. Undirverktakar/meistarar.

Undirverktakar:

- *Pípulagnir: Pípulagningameistarinn ehf.*
- *Uppsláttur og uppsteypa veggja: Roko (Pólskt fyrirtæki)*
- *Blikksmíði og loftræsting: Stjörnuþlíkk ehf.*
- *Raflagnir: Tengill ehf.*
- *Járnbending: Járn SFM ehf*
- ***GE verktakar ehf: Léttir gífsveggir og loft.***
- *Aðrir undirverktakar verða gefnir upp síðar.*

lönmeistarar:

- *Pípulagningameistari: Magnús Kristinsson*
- *Húsasmíðameistari: Tómas Haukur Tómasson*
- *Raflagnameistari: Haraldur Jón Arason*
- *Blikksmíðameistari: Finnbogi Geirsson*
- **Dúklagningameistari: - Liggur ekki fyrir**
- *Múrarmeistari: Yngvi Eiríksson*
- **Málarmeistari: - Liggur ekki fyrir**

Undirskriftir helstu meistara liggja fyrir og hefur áritunum verið komið til byggingaryfirvalda, nú um miðjan nóvember.

Verktaki upplýsir um að JH Málun ehf. komi til með að rykbinda.

7. Aðstaða verktaka.

Verktaki hefur lokið uppsetningu, vinnubúða, krana og hliða auk þess hefur bráðabirgðatengingum verið komið á vegna rafmagns, vatns og fráveitu.

Veitur hafa lagt nýja hitaveituheimæð í nýbyggingu og hleypt á hana. Verktaki reiknar með því að tengigrind verði uppsett seinna í dag og vatnsblásarar tengdir í framhaldinu í kjallara.

8. Athafnasvæði.

Skilgreint vinnusvæði er innan girðingar.

Mikilvægt að vinnusvæði sé ávallt lokað og ekki opið fyrir umf. óviðkomandi og það á jafnframt við um hlið.

Upplagg upplýsingaskiltis er tilbúið og hægt að setja í framleiðslu.

HS

Gerð var athugasemd að búið væri að fjarlægja varnargirðingu umhverfis „óhreyft svæði/klett“ og að verkfæri/efni væri lagt á svæðið. Verktaki hefur fjarlægt efni og hyggst byggja varanlega varnargirðingu.

21.12.17

HS

Í framhaldi af ósk verktaka þar um mun ASP skoða hvenær verktaki geti fengið svæði norðan við heilsugæsluna til breytinga og endurgerð lóðar, sem líklegast verður ekki fyrr en á vormánuðum, mars 2018 (?).

ASP

9. Veitustofnanir.

Heimæð fyrir heitt vatn og kalt vatn

Búið er að hafa samband við veitur hvað varðar heimæðar fyrir bæði heitt og kalt vatn.

Veitur hafa lagt nýju hitaveituheimæð inn í kjallara nýbyggingar og hleypt á lögnina. Veitur munu setja upp sinn hluta tengigrindar nú seinna í dag.



Rafmagnsheimtaug

HS veitur vinna að því að styrkja rafmagnsskáp við Sólvangsveg, þaðan sem rafmagnsheimtaug fyrir nýbyggingu verður síðar tekin. Lagnaleið inn í nýbyggingu liggur ekki fyrir á þessu stigi.

10. Samstarf við aðra.

Verkkaupi (GÓV/ASP) mun undirbúa í samráði við stjórnendur Sólvangs, hvernig verður staðið að tengingum við byggingarhlutann og gera grein fyrir útfærslum við verktaka.

11. Gæðamál.

Eftirlit óskar eftir því að verktaki leggi fram gæðahandbók. Ósk um að verktaki leggi fram gæðahandbók ítrekuð.

25.12.17 HS

Kynning vegna „ProCore“ hefur ekki verið tímasett. HS boðar til kynningar.

12. Vinnutími.

Daglegur vinnutími á virkum dögum er frá 07:00 til 17:30 en á laugardögum frá 07:00 til 14:00. Einnig er unnið tilfallandi lengur.

Hreini hefur ekki borist svar frá umhverfissráðuneyti við fyrirspurn sinni í kjölfar kvörtunar. Verktaki stillti hávaða á laugardagsmorgni í hóp eins og kostur var.

13. Mannafli og tæki.

Tæki á verkstað frá síðasta verkfundi:

- 1 Skotbómulyftari
- 0 Smágröfur (eftir þörfum)
- 0-1 Hjólagrafa
- 0 Vörubifreiðar
- 0-1 Vörubíll með krana
- 1 Loftpressa (eftir þörfum)
- 2 Byggingakranar (Liebherr 81K og 53K)
- 1 Járnklippur og beygjuvél
- 1 Tækja/geymslugámur
- 2 Jarðvegsþjöppur (750kg og 350 kg)
- 4 masterblásarar (einfaldir)
- 1 Masterblásari (stór, fjórfaldur)
- 13 Vatnsblásarar

Mannafli á verkstað frá síðasta verkfundi:

- 1 Staðarstjóri
 - 1 Verkstjóri
 - 1 Tæknimaður
 - 0-1 Mælingamaður
 - 0 Smiðir
 - 0 Jarðvinnu
 - 2 Verkamenn
 - 2-4 Rafvirkjar
 - 0-3 Pípari
 - 5 - 9 Járnamenn
 - 14 Mótauppsláttur og steypa (Roko) – þar af einn tæknimaður
- Alls 26-36 manns**



14. Dagskýrslur.

Verktaki hefur ekki lagt fram fleiri dagskýrslur frá síðustu bókun í fundargerð. Eftirliti hefur borist dagskýrslur til og með 25.11.17.

HS

15. Veðurfar.


Fyrri vikuna var hitastig á bilinu +2 til +5°C, og seinni vikuna -2 til -9°C.

16. Verkstaða – áætlanir, næstu verk.

Verkstaða:

Aðstaða:

Aðstöðusköpun er að mestu leyti lokið. Búið er að hanna upplýsingaskilti, útaf stendur framleiðsla og uppsetning.



Jarðvinna

Búið er að fylla undir grunnplötu í kjallara og grunnplötu 1. hæðar.

Fylling að undirstöðum að austanverðu lokið ca. 75%, að norðanverðu er lokið ca. 50%, vestanverðu ca. 50%, sunnanverðu ca. 30%.

Lokið er við lagnaskurði austan við stiga hús, milli húsa.

Burðarvirki

Búið er að steypa þrifalög og nánast allar undirstöður (eftir pl.u. stálstiga).

Búið er að steypa að fullu niðurgrafinn tengigang.

Búið er að steypa grunnplötu kjallara og 1. hæðar.

Búið er að steypa veggj kjallara og 1. hæðar.

Búið er að steypa plötu yfir kjallara.

Búið er að steypa ca. 55% plötu yfir 1. hæð, (frá módullínu H-Q)

Búið er að slá undir alla plötu yfir 1.hæð.

Búið er að steypa um 50% af veggjum 2.hæðar.

Búið er að steypa ca. 25% af plötu yfir 2.hæð.

Lagnir

Búið er að leggja lagnir undir grunnplötu kjallara og grunnplötu 1. hæðar.

Búið er að leggja regnvatnslagnir sunnan við hús, austan við stigahús.

Raflagnir

Röralagnir í steypu vinnast samhliða steypu.

Búið er að leggja hringjörð jarðskauts. (eftir að mæla það)

Vinnulýsing í kjallara og í hluta 1.hæðar er komin.

Frágangur utanhúss

Búið er að gustloka kjallara og 50% af 1.hæð.

Næstu verk: (4 vikur, eða að næsta verkfundi)

Aðstaða

Setja upp upplýsingaskilti fyrir verkframkvæmdina.

Jarðvinna

Ekkert bókað.

Burðarvirki

Vinna að uppslætti, járnabindingum og uppsteypu þ.e. ;

Austurhluti: Hefja uppslátt veggja 3.hæðar og vinna áfram í veggjum 2.hæðar og plötu yfir 2.hæð.

Vesturhluti: Ljúka að steypa plötu yfir 1.hæð og hefja uppslátt veggja 2.hæðar.



Lagnir

Tengja bráðabirgðalagnir og koma vatnshitablásurum í gagnið.

Raflagnir

Vinnast samhliða uppslætti/steypu.

Áfram unnið að uppsetningu á vinnulýsingu.

Frágangur utanhúss

Gustloka 1.hæð að fullu og 50% af 2.hæð.

Undirverktakar í uppslætti verða í fríi frá og með 22. desember til og með 3. janúar, áætlað er að vinna hefjist 4. janúar á nýju ári. Almennt verður vinna á verkstað yfir hátíðirnar lítil.

17. Verkáætlun.

Eftirlit hefur óskaði eftir uppfærðri verkáætlun.

Verktaki lagði fram þann 19. september uppfærða áætlun uppsteypu.

Verktaki vekur athygli á að uppsteypuáætlunin er mjög stíf/knöpp og lítið má bregða útaf. Verktaki gerði þá grein fyrir að uppsteypa væri um 6 vikum á eftir heildarverkáætlun samning. Náist að vinna eftir uppsteypuáætlun muni verkið verða 3 vikum á eftir heildaráætlun samnings.

Verktaki vinnu jafnframt að endurskoðun heildarverkáætlunar.

Verktaki telur uppsteypu vera a.m.k um 7 vikum á eftir þeirri uppsteypuáætlun sem verktaki sendi frá sér 19. september.

Verktaki hefur ekki afhent nýja endurskoðaða heildarverkáætlun en ráðgerir að afhenda hana fyrir vikulok. Upplýsir þó að ný verkáætlun geri grein fyrir verklokum um miðjan nóvember 2018, í viku 46. Þá greinir verktaki einnig frá nokkrum lykildagsetningum sem breytast með nýrri endurskoðaðri heildarverkáætlun, t.a.m að:

- Uppsteypu ljúki í lok febrúar.
- Tengigangur verði kláraður í lok mars.
- Frágangur þaks og stigahús klárast um miðjan mars.

15.12.17 HS

Ráðgert er að vinna við pípulagnir og loftræsingu hefjist um mánaðarmótin febrúar/mars.

Verktaki hefur ekki farið yfir með undirverktökum endurskoðaða heildarverkáætlun sína, m.t.t tímasetningar og tímalengdar verkþátta þeirra. Verktaki mun skoða það í samráði við undirverktaka hvort hægt sé að hefja verkþætti fyrr.

18. Hönnun (breytingar).

Stimplað teikningasett arkitekta er gallað. Letur inniheldur í stað hluta tölustafa. Tölvutæk útgáfa af teikningasetti hefur þó ekki þennan galla. Þessu hefur verið komið til skila og mun arkitekt gefa út nýtt sett af teikningum. Teikningar verða gefnar út sem reyndarteikningar í verklok.

Til stendur að breyta sorpgerði í „djúpgáma“, hönnun ólokið.

Hönnuðir vinna að útfærslu og verður afhent teikning af því.

Í framhaldi af rýnifundi sem haldinn var 30.11.17 varðandi tengibyggingu við Sólvang hafa nýjar uppfærðar burðarvirkjateikningar verið gefnar út.



Teikningar eru þó ekki alveg fullunnar og einhverjir vankantar á þeim sem eftirlit hefur vakið athygli á.

19. Teikningar og önnur gögn.

Frá síðasta verkfundi (nr.14) hafa verið gefnar út:

- 36 breyttar teikningar arkitekts
 - 8 breyttar teikningar burðarvirkis
 - 18 breyttar teikningar rafkerfa
- Samtals: 62 breyttar teikningar frá síðasta verkfundi

Alls hafa því verið gefnar út $138+81+29+31+1 = 280$ breyttar útgáfur teikninga. (arkit.+burð.+lagn.+rafl.+lóð), auk þess sem 9 nýjar útgáfur teikninga hafa verið gefnar út.

Eftirlit áréttar að stærstur hluti endurútgefinna teikninga er vegna þess að verið er að skerpa á, bæta við upplýsingum og lagfæra ósamræmi. Lítil hluti endurútgáfa er vegna eiginlegra breytinga á hönnuninni sem slíkri.

Breyttum burðarvirkjateikningum, lagna- og loftræsateikningum er skilað jafnóðum inn til byggingarfulltrúa. Reyndarteikningum arkitekts og rafkerfa verður skilað inn til byggingarfulltrúa við verklok.

Arkitekt

- *Svalahandrið á svalir 1. hæð, deili vantar.*
Gert hefur verið grein fyrir hvernig þessum frágangi skal háttað á sniðteikningu burðarþolshönnuða. Arkitekt á eftir að samræma sínar teikningar við þá lausn sem liggur fyrir á burðarþolsteikningum. Arkitektateikningar hafa verið samræmdar við burðarvirkjateikningar.
- Verktaki vekur athygli á að í verklýsingum vanti ýmis litarnúmer, gera þurfi litaskrá. Óafgreitt. 25.12.17 HÁ

Lagnir

- Regnvatnslagnir í grunn, hönnuðir þurfa að samræma sín á milli og ganga úr skugga um að enga tengingu þakniðurfalla skorti við regnvatnslagnir í jörðu. Svalaniðurföll koma til með að tengjast inn á þakniðurfallsrör. Óafgreitt. 25.12.17 HÁ

Ennfremur eru atriði í rýnifundargerðum sem þarfnast úrlausna 25.12.17 ASP

20. Efnisútvæg / efnisvottorð.

Verktaki vakti athygli á líklega væri villa í töflu í kafla 2.3.0.4 – skýringar á magntölum, en umrædd tafla útskýrir hlutfall þyngdar m.v. þvermál járna.. Verktaki hefur lagt fram upplýsingar/gögn vegna steypu og bendistáls til samþykktar. Afgreitt með orðsendingu eftirlits.

Verktaki hefur lagt fram upplýsingar um; lagnaefni í grunn, steinullareinangrun á undirstöður og undir grunnplötu og járnabakka.

Verktaki hefur fengið verkfræðistofuna Eflu til að framkvæma rannsóknir á fyllingaeftum (0-100mm) og hefur lagt fram upplýsingar.

Kallað er eftir frekari upplýsingum til samþykktar vegna verkþátta sem eru í gangi og framundan eru.

Vantar varðandi fráveitulagnir, raflagnaefni. HS



Óskað eftir því að verktaki fari að huga að útfærslu og frágangsattriðum varðandi gifsveggi/gifsklæðningar tímanlega.

HS

21. Viðbótarsamningsverk.

Ekkert nýtt tekið fyrir.

22. Aukaverk.

Verktaki hefur gert grein fyrir kostnaði vegna aukaverka og krafna með orðsendingum. Eftirlit hefur afgreitt og svarað þeim með orðsendingum. Haldinn var fundur 8. nóv. þar sem aukaverk og kröfur voru rædd og var gerð sér fundargerð vegna þess. Aðilar eru ekki sammála um allar kröfur og er unnið frekar að. Vettvangur afgreiðslu þessa er orðsendingar og þá sérstaklega boðaðir fundir. Eftirlit og verktaki hafa verið, og eru að funda yfir þessum málum.

Verktaki hefur vakið athygli á eftirfarandi aukaverkum:

- *Takkadúkur utan á einangrun er ekki skilgreindur verkliður. Eftirlit óskar eftir einingaverði verkþáttinn.*
- *Breytingar og uppsteypa trappna í núverandi byggingu er ekki skilgreindur verkþáttur.*
- *Verklýsing fyllingar undir tengibyggingu við Sólvang. Sjá á teikningu vísað til punktálags. Eftirlit upplýsir að miða skuli við lýsingu á fyllingu innan grunns. Eftirlit mun skoða þetta frekar.*
- *Breytingar, rof og endurgerð í núverandi byggingum vegna tengibyggingar, er ekkert gerð grein fyrir í gögnum og engir skilgreindir verkþættir vegna þessa.*
- *Verktaki vekur athygli á þeirri vinnu sem hefur farið í rjúfa járnbandingu á svalaplötu og gröft fyrir svalaniðurfallsrörum, svalir 1.h. austur.*

23. Magntölur.

Verktaki vekur athygli á að magn fyllinga í og utan grunns er nokkuð meira en magnskrá gerir grein fyrir. Verktaki mun leggja fram útreikninga/mælingar þess til uppgjörs verkþáttar. Verktaki hefur skilað inn bráðabirgða útreikningum fyrir fyllingar, en á eftir að skila inn nákvæmari útreikningum.

Verktaki hefur sent frá sér útreikninga varðandi magnaukningu á einangrun á grunnplötu.

Verktaki upplýsir og telur magn steypu og móta í súlum vera u.þ.b 35% vanáætlað í magnskrá.

HS

24. Rannsóknir.

Ekkert bókað.

25. Mælingar.

Ekkert bókað.

26. Bréf/orðsendingar.

Verktaki hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 28

Eftirlit hefur lagt fram orðsendingar til með nr. 24

Aftast í fundargerð þessari fylgir yfirlitsblað yfir stöðu orðsendinga.



- 27. Reikningar.**
Framvindureikningur nr.6 hefur verið samþykktur.
Verktaki hefur einnig lagt fram reikninga vegna aukaverka sem fundað hefur verið um.
- 28. Kröfur.**
Verktaki hefur í orðsendingum áskilið sér rétt og gert kröfu um tafadaga og um greiðslu kostnaðar vegna tafa s.br. orðsendingu.
Verktaki hefur gert grein fyrir kröfum með orðsendingu nr. 16 og 21/23 og eftirlit svarað með orðsendingum. Fundur hefur verið haldinn vegna þessa og er afgreiðsla þessara mála í vinnslu. Eftirlit og verkkaupi hafa hafnað þeim kröfum frá verktaka eins og þær voru lagðar fram, verktaki er ekki sammála þeirri niðurstöðu.
- 29. Tafabætur.**
Ekki tekið fyrir.
- 30. Rif gamalla mannvirkja.**
Verkþætti vantar í samningsgögn vegna rifa og sögunar við tengibyggingar.
Það á einnig við um hluta lóðar þar sem ætlunin er að breyta henni milli nýbyggingar og lágbyggingar heilsugæslu.
- 31. Úttektir, byggingafulltrúi.**
Úttektir byggingafulltrúa og byggingastjóra eru í samræmi við hefðbundið ferli. Sama gildir um úttektir eftirlits.
- 32. Verklok.**
Verktaki áætla verklok um miðjan nóvember 2018, samanber uppfærða heildarverkáætlun sína, sem þó hefur ekki verið afhent enn.
- 33. Samningslok.**
Ekki tekið fyrir.
- 34. Önnur mál.**
Vetrarsteypa og aðhlúun
Eftirlit hefur sent út OS-18 þar sem óskað er eftir því að verktaki geri grein fyrir því hvernig hann hyggist standa að aðhlúun steyptra byggingarhluta m.t.t mismunandi hita- og veðurskilyrða.
Verktaki hefur ekki svarað OS-18 frá eftirliti, aðbúnaður og aðhlúun steyptra byggingarhluta hefur verið hagað í nánu samstarfi við eftirlit og gengið vel. HS
- Útkast og loftinntak loftræsingar:
Verktaki veur athygli á að loft inntak og loftfrákast loftræsikerfis er staðsett við dvalarsvæði/palla íbúa og stendur rör ca. 3 m upp fyrir endanlegt yfirborð lóðar. Rétt er að skoða þetta. Óafgreitt 25.12.17 HÁ
- Verklok
Verkið er orðið á eftir áætlun og ekki séð að verkið komi til með að klárast fyrir fyrirskrifuð verklok 30.sept 2018. Eftirlit veur athygli á að verktaki skuli leita allra leiða til að ljúka verkinu á tilsettum tíma. HS



Verktaki mun nú í vikunni leggja fram endurskoðaða heildarverkáætlun og mun einnig óska eftir umræðu um svigrúm til seinkunnar lokadagsetningar.

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa:

RFI LOG

#	Subject	Status	Responsible Contractor	Assignee	Date Initiated	RFI Manager	Due Date	Closed Date	Ball In Court	Location	Schedule Impact	Cost Code	Cost Impact	Received From
28	Tímalína í upphafi verks	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	27/11/2017	Hreinn Sigurðsson	02/12/2017		Arnar Smári Þorva...		35 days		Yes (Unknown)	None
27	Festingar/brautir fyrir hlaupakött lyftubúnaðar í íbúðum	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	24/11/2017	Hreinn Sigurðsson	29/11/2017		Arnar Smári Þorva...		Yes (Unknown)	006-000 - Frágangur innanhúss	TBD	None
26	Timburklæðning	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	24/11/2017	Hreinn Sigurðsson	29/11/2017		Arnar Smári Þorva...		Yes (Unknown)	007-000 - Frágangur utanhúss	TBD	None
25	Hæðir og mismunandi gerðir lofta	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	24/11/2017	Hreinn Sigurðsson	29/11/2017		Arnar Smári Þorva...		Yes (Unknown)	006-000 - Frágangur innanhúss	TBD	None
24	Veggjagerðir gipsveggja	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	24/11/2017	Hreinn Sigurðsson	29/11/2017		Arnar Smári Þorva...		Yes (Unknown)	006-000 - Frágangur innanhúss	TBD	None
23	KRAFA: Tími og kostnaður vegna tafa af völdum hönnunargagna í ágúst og september 2017	Open		Arnar Smári Þorva...	11/10/2017	Hreinn Sigurðsson	16/10/2017		Arnar Smári Þorva...		5 days		kr3,944,838.00	None
22	Gluggar og útihurðir	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	06/10/2017	Tómas H. Tómasson	11/10/2017		Arnar Smári Þorva...	6.5.1 Gluggar og útihurðir				Tómas H. Tómasson, (Munck Íslandi)
21	TAFIR VEGNA HÖNNUNARGAGNA	Open		Arnar Smári Þorva...	22/09/2017	Hreinn Sigurðsson	27/09/2017		Arnar Smári Þorva...		Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
20	FLÓTTASTIGAR OG UNDIRSTÖÐUR ÞEIRRA	Open		Arnar Smári Þorva...	21/09/2017	Hreinn Sigurðsson	26/09/2017		Arnar Smári Þorva...		Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
19	ÁLKLÆÐNING	Open		Arnar Smári Þorva...	21/09/2017	Hreinn Sigurðsson	25/09/2017		Arnar Smári Þorva...		Yes (Unknown)	007 - Frágangur utanhúss		None
18	VINDÁLAGSFORSENDUR	Closed		Arnar Smári Þorva...	20/09/2017	Hreinn Sigurðsson	25/09/2017	04/11/17			Yes (Unknown)	007 - Frágangur utanhúss	Yes (Unknown)	None
17	ÞYNGDIR BENDISTÁLS	Open		Arnar Smári Þorva...	14/09/2017	Hreinn Sigurðsson	19/09/2017		Arnar Smári Þorva...			003-000 - Burðarvirki	Yes (Unknown)	None
16	KRAFA: Tafir í upphafi verks og afleiddur kostnaður	Open		Arnar Smári Þorva...	06/09/2017	Hreinn Sigurðsson	15/09/2017		Arnar Smári Þorva...		35 days		kr14,235,460.00	None
15	Gólfhæð á kjallara og rampur að eldri byggingu	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	24/07/2017	Guðmundur Þórðarson	29/07/2017	06/09/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None

#	Subject	Status	Responsible Contractor	Assignee	Date Initiated	RFI Manager	Due Date	Closed Date	Ball In Court	Location	Schedule Impact	Cost Code	Cost Impact	Received From
14	Misræmi í verkögnum varðandi efnisval á þakeinangrun og vatnspéttilags	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	24/07/2017	Guðmundur Þórðarson	29/07/2017		Arnar Smári Þorva...		Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
13	Öryggishandbók fyrir Sólvang hjúkrunarheimili	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	21/07/2017	Guðmundur Þórðarson	26/07/2017	17/08/17			No		No	None
12	Undirstöður að klöpp	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	19/07/2017	Guðmundur Þórðarson	24/07/2017	24/07/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
11	Breyting á grungildi vindálags skv. orðsendingu Verkís nr. 9, dags. 11.júlí 2017	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	13/07/2017	Guðmundur Þórðarson	18/07/2017	04/11/17			Yes (Unknown)	007 - Frágangur utanhúss	Yes (Unknown)	None
10	Windload Criteria, Vindálagsforsendur fyrir frágang utanhúss, kafla 6.2.0, veggfletir og gluggar	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	13/07/2017	Guðmundur Þórðarson	18/07/2017	04/11/17			N/A		N/A	None
9	Svar við orðsendingu eftirlits nr.010, dags. 11.júlí 2017, Ósk um tímajald vegna vinnu við viðbótar- og aukaverk	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	12/07/2017	Guðmundur Þórðarson	17/07/2017		Arnar Smári Þorva...		N/A		N/A	None
8	Kafla 6.2 Vindálag	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	03/07/2017	Guðmundur Þórðarson	08/07/2017	31/08/17			N/A		N/A	Guðmundur Þórðarson, (Munck Íslandi)
7	GRÓF ÚTSETNING SÖKKULVEGGJA OG SÚLNA VEGNA GRUNDUNAR	Closed		Arnar Smári Þorva...	09/06/2017	Hreinn Sigurðsson	14/06/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
6	STÆKKUN GRAFTAR OG MEÐHÖNDLUN YFIRBORÐS	Closed		Arnar Smári Þorva...	02/06/2017	Hreinn Sigurðsson	07/06/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
5	JARÐVEGSGRUNNUR OG GRUNDUN	Closed		Arnar Smári Þorva...	29/05/2017	Hreinn Sigurðsson	05/06/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
4	AFHENDING SVÆÐIS OG UPPHAF FRAMKVÆMDA	Closed		Arnar Smári Þorva...	24/05/2017	Hreinn Sigurðsson	29/05/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
3	Afmörkun og skipulag vinnusvæðis	Closed		Arnar Smári Þorva...	19/05/2017	Hreinn Sigurðsson	24/05/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		kr1,594,706.00	None
2	Formleg afhending vinnusvæðis, leyfismál, verkeikningar og önnur gögn	Closed		Arnar Smári Þorva...	19/05/2017	Hreinn Sigurðsson	24/05/2017	31/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
1	Upplýsingar, gögn o.fl. sem verktaki óskar eftir í upphafi verks	Closed	Munck Íslandi	Stefán B. Veturli...	16/05/2017	Hreinn Sigurðsson	17/05/2017	14/08/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None